

## Viðbótarframlag í séreign

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga hefur ákveðið að frá 1. janúar 2006 verði sá hluti móttframlags launagreiðenda sem er umfram 6% látinn renna í séreignarsparnað lífeyrissjóðsins, nema sjóðfélagi kjósi að láta hann renna í samtryggingardeild.

Jafnframt hefur stjórnin ákveðið að opna nýja sparnaðarleið í séreignardeildinni og gefa sjóðfélögum val milli tveggja leiða:

**Leið 1 - íslensk skuldabréf**

**Leið 2 - blandað safn hluta- og skuldabréfa.**

Iðgjald til samtryggingardeildar var um langt skeið 10% í heildina, 4% frá launþega og 6% frá launagreiðanda.

Um áramótin hækkaði móttframlag ríkis og þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa samið við Stéttarfélag verkfræðinga (SV) úr 6% í 9%. Í stað þess að iðgjald sjóðfélaga sem taka laun samkvæmt þessum samningum renni allt í samtryggingardeild munu áfram renna 10% í samtryggingardeildina en 3% renna í séreignardeild.

Ýmsir sjóðfélagar hafa frá ársbyrjun 2005 fengið 7% móttframlag frá launagreiðendum, eftir að slíkt ákvæði kom inn í kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og ASÍ. Á sama hátt mun 1% hér eftir renna í séreignarsparnað, en heildarframlag í samtryggingardeild verða 10%.

Nokkur hluti sjóðfélaga fær enn einungis 6% móttframlag frá launagreiðendum og heildariðgjaldið er því 10% af launum. Nýja tilhögunin breytir engu fyrir þá.

Í samþykktum sjóðsins segir að iðgjald til samtryggingardeildar skuli að lágmarki vera 10% af launum. Samkvæmt núgildandi réttindatöflum sjóðsins og forsendum um ævilengd og örorkulífur er það nægilegt iðgjald til að tryggja að lágmarki þau lífeyrisréttindi sem áskilin eru í lögum.

Frekari umfjöllun um þessi mál er að finna á vefsíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is), þ. á m. grein Sigurðar Áss Grétarssonar, formanns stjórnar sjóðsins, sem birt var í desemberblaði Verktækni.

## Sjóðfélagar velja ráðstöfun viðbótarframlags

Sjóðfélagar geta valið milli þriggja leiða um ráðstöfun viðbótarframlags launagreiðenda (umfram 6%):

1. Séreignardeild – sparnaðarleið 1 – íslensk skuldabréf.
2. Séreignardeild – sparnaðarleið 2 – blandað safn hluta- og skuldabréfa
3. Samtryggingardeild.

Þeir geta komið óskum sínum til sjóðsins með þrennum hætti:

1. Fyllt út form á vefsíðu sjóðsins sem skráist sjálfkrafa í gagnagrunn hans.
2. Sent skriflega ósk með bréfi, tölvupósti eða símbréfi.
3. Hringt í skrifstofu sjóðsins.

Lífeyrissjóður verkfræðinga  
Engjateigi 9, 105 Reykjavík  
Sími: 568 8504  
Netfang: [Postur@lifsverk.is](mailto:Postur@lifsverk.is)  
Vefur: [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is)

Ef þeir aðhafast ekkert verður viðbótarframlaginu ráðstafað í sparnaðarleið 1.

## Hvaða leið hentar best?

Það fer eftir aðstæðum hvers sjóðfélaga hvaða valkostur hentar best. Því eru sjóðfélagar hvattir til að kynna sér kosti og galla hvernar leiðar og leita nánari upplýsinga hjá starfsmönnum Lífeyrissjóðs verkfræðinga. En þó má til einföldunar segja að aldur sjóðfélagans og fjölskylduhagir vegi oftast þyngst þegar ávinningur er metinn og að eftirfarandi kostir gætu hentað best:

Ungir sjóðfélagar og barnafólk	Samtryggingardeild
Einhleypir sjóðfélagar	Sparnaðarleið 1 eða 2
Miðaldra sjóðfélagar	Sparnaðarleið 2
Eldri sjóðfélagar	Sparnaðarleið 1

Nánari umfjöllun um þessi atriði og rökstuðning fyrir því vali sem hér er sýnt er að finna á vefsíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

## Tvær sparnaðarleiðir í séreign

### Leið 1 - íslensk skuldabréf

Fjárfest er í íslenskum skuldabréfum traustra fyrirtækja, fjármálastofnana, sveitarfélaga eða með ábyrgð ríkissjóðs, einkum verðtryggðum, en hlutfall óverðtryggðra eigna ræðst af vaxtastigi og verðbólguhorfum. Þessari stefnu hefur verið fylgt í séreignardeildinni undanfarin 4 ár með góðum árangri. Leið 1 er áhættuminni en leið 2, því að sveiflur í ávöxtun verða væntanlega minni, en ávöxtun verður líklega lægri.

### Leið 2 - blandað safn hluta- og skuldabréfa

Fjárfest er í innlendum og erlendum hluta- og skuldabréfum. Hlutfall hlutabréfa verður á bilinu 30%-70%. Innlend skuldabréf verða valin með sama hætti og í Leið 1. Innlend hlutabréf verða í safni sem leitast við að fylga Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Erlend hluta- og skuldabréf verða í dreifðum eignasöfnum með það að markmiði að draga úr áhættu sem fylgir ákveðnum landsvæðum eða atvinnugreinum. Samsetning eignasafnsins verður endurskoðuð reglulega og löguð að markaðs- aðstæðum og horfum. Leið 2 er áhættumeiri en leið 1, því að sveiflur í ávöxtun verða væntanlega meiri, en ávöxtun verður líklega hærri.

## SPRON annast innheimtu og umsýslu sjóðfélagalána

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur samið við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis um að SPRON taki að sér innheimtu og umsýslu eldri sjóðfélagalána. SPRON mun senda út greiðsluseðla til sjóðfélaga eða greiðslubeiðnir til viðskiptabankanna eftir því sem við á. Jafnframt mun SPRON annast veðflutninga og aðrar breytingar og umsýslu.

Sjóðfélagar eru beðnir að snúa sér til höfuðstöðva SPRON í Ármúla 13a varðandi þjónustu í þessum efnum.

Á liðnu hausti tók SPRON að sér að afgreiða ný sjóðfélagalán og annast jafnframt innheimtu þeirra og umsýslu. Með því samstarfi opnast nýir lánamöguleikar fyrir sjóðfélaga án þess að skert séu núverandi kjör sem sjóðurinn veitir.

Með samstarfinu við SPRON nær lífeyrissjóðurinn í senn að bæta þjónustu við sjóðfélaga, gefa þeim aukið svigrúm í fasteignalánnum í kjölfar breytinga á lánamarkaði og að auka hagkvæmni í rekstri sjóðsins.

## Forskráning lánsupplýsinga á skattframtöl

Á undanförunum árum hefur lífeyrissjóðurinn sent yfirlit um áramótastöðu sjóðfélagalána og greiðslur á liðnu ári til lántakenda. Nú verða upplýsingarnar sendar rafrænt til ríkisskattstjóra og forskráðar á skattframtölin. Sjóðfélagar sem þess óska geta sem fyrr fengið send yfirlit í pósti eða með tölvupósti.

## Breytingar á samþykktum tóku gildi 1. des. 2005

Í nóvember 2005 staðfesti fjármálaráðuneytið breytingar á samþykktum sjóðsins sem samþykktar höfðu verið á framhaldsaðalfundi 31. maí. Breytingarnar tóku gildi 1. des. 2005:

- Greinar 6.3, 6.4 og 6.6: Breytt ákvæðum um frestun og snemmtöku lífeyris þannig að tímabilið verður framvegis reiknað í mánuðum í stað ára áður.
- Grein 7.1: Áréttað að sjóðfélagi sem hafið hefur tóku ellilífeyris á ekki rétt á örorkulífeyri.
- Grein 7.5: Framreikningur vegna örorkulífeyris miðast við 65 ára aldur í stað 67 ára.
- Grein 19.5: Áunnin réttindi eru skert um 5% hjá öllum.
- Grein 21.1: Breytingarnar taka gildi frá og með 1. des. 2005.

## Tillögur stjórnar til næsta aðalfundar um breytingar á samþykktum

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga undirbýr nú tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á næsta aðalfundi vorið 2006, m.a. um:

- breytta tilhögun makalífeyris í framtíðinni, en áunninn makalífeyrisréttur haldist óbreyttur;
- ítarlegri ákvæði um ráðstöfun iðgjalda í sameignar- og séreignardeildir;
- aðlögun að breyttum lagaákvæðum, m.a. um fjárfestingarheimildir.

6. janúar 2005

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri ([stefan@lifsverk.is](mailto:stefan@lifsverk.is))